

Nd.

430. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Aftan við 17. gr. laganna bætist:

Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil, að til vandræða

horfi, að dómi deildarinnar, þá getur háskólaráðið, í samráði við deildina, ákveðið, hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir ósk háskólaráðsins, sbr. eftirfarandi brjef háskólaráðsins til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS. HÁSKÓLARÁÐIÐ.

Reykjavík, 21. febr. 1928.

Það er upphaf þessa máls, að þáverandi forseti læknadeildar, prófessor Guðm. Hannesson, reit brjef til stjórnarráðsins 22. dag s. l. júnímánuðar, og bar fram vandkvæði deildarinnar, og sjerstaklega rannsóknastofu ríkisins, út af því, hve margir stúdentar sækja að læknadeild háskólans. Benti hann á, að »læknadeild háskólans gæti alls ekki kent svo mörgum nemendum, sem úllit væri fyrir að sæki þangað næsta ár. Til þess skorti hana húsnæði, mörg áhöld, lík til kenslu í líffærafræði og meinafræði og — sjúklinga«. Hann sýndi fram á, að læknarnir væru orðnir alt of margir; síðustu 10 árin hefðu útskrifast fleiri læknar en þyrfti til þess að fylla öll hjeraðslæknisembætti. Af þessu myndi leiða illvíga samkepni milli lækna, og margir þeirra myndu neyðast til þess að nota öll ráð til þess að geta lifað. »Mjer virðist«, segir hann, »þetta hljóta að hafa þær afleiðingar, að læknastjettin fyrirgeri trausti sínu og álitu, en að sjúklingar verði hálfu ver settir en nú gerist. Óþörfu læknarnir verða að snikjudýrum á þjóðarlíkamanum, líkt og óþarfir lögfræðingar. Jeg tel þetta háska bæði fyrir þjóðina og stjettina«.

Í brjefi sínu bar hann fram þær tvær tillögur, að takmarka nemendafjöldann í læknadeild, og reyna að veita mentamannastraumnum inn á aðrar brautir en nú er um að velja; mundi þá liggja næst að koma upp verslunardeild við háskólann og leggja þá tvo verslunarskóla niður, sem nú eru.

Þá barst háskólaráðinu brjef frá forseta lagadeildar, prófessor Ólafi Lárussyni, dags. 1. sept. 1927, þar sem hann lýsir því frá sjónarmiði sinnar deildar, að hin óhóflega mikla aðsókn að deildinni horfi til stórra vandræða. Viðkoma lögfræðinga síðustu árin hafi verið svo mikil, að hún sje að minsta kosti helmingi meiri en nokkur þörf sje á. Í brjefinu tók hann, meðal margs annars, þetta fram:

»Það er hrópleg sóun bæði á orku og fje, þegar ungir menn og efnilegir verja dýrmætum tíma og ærnu fje til náms, er þeim kemur að litlu haldi síðar

í lífinu. Lögfræðinga-viðkoman síðustu árin er slík sóun, sóun sem vjer Íslendingar í fámenni voru ekki höfum ráð á«.

Benti hann sjerstaklega á þessar leiðir út úr vandræðunum:

1. Að takmarka stúdentatöluna frá Mentaskólanum.
2. Að opna stúdentum nýjar leiðir til framhaldsnáms.
3. Að takmarka tölu þeirra stúdenta, er háskólinn eða einstakar deildir hans taka við.

Síðastliðinn september var og mál þetta tekið til ihugunar af forseta guðfræðideildar og afhenti hann háskólaráðinu skýrslu sína 23. september. Var þar sýnt fram á, að um síðustu 20 ár hafi útskrifast 3,25 kandidatar á ári að jafnaði; hafi það fullnægt þörfum kirkjunnar, því að í fardögum 1927 hafi 4 prestaköll verið óveitt, en 3 kandidatar bætst við það árið. Hinsvegar sjeu nú 30 stúdentar í guðfræðideildinni.

Í september átti og þáverandi rektor háskólans, próf. Guðm. Thoroddsen, tal um þetta vandamál við kenslumálaráðherrann, er kvaðst fús til að vinna með háskólaráðinu að heppilegri lausn þess.

Á fyrsta fundi háskólaráðsins í október, eftir er undirritaður hafði tekið við rektorsstörfunum, var málið tekið til umræðu. Varð sú niðurstaða þeirra umræðna, að samþykkt var að skjóta málinu til almenns kennarafundar.

Var því næst sá kennarafundur haldinn og málið rætt þar af miklu kappi. Samþykkti fundurinn, að hver deild kysi einn manni í nefnd til þess að athuga orsakir stúdentaviðkomunnar og finna ráð við aðstreyminu að embættadeildum háskólans. Í þá nefnd voru kosnir prófessorarnir S. P. Sivertsen, Guðm. Hannesson, Magnús Jónsson og Ágúst H. Bjarnason og samkvæmt ósk þeirra var rektor fimti maður í nefndinni.

Nefndin afhenti háskólaráðinu greinargerð sína 28. nóvember og var afrit af henni þegar sent stjórnarráðinu, með því að bæði formaður Stúdentafjelags Reykjavíkur og kenslumálaráðherrann höfðu æskt þess, þareð dóms- og kirkjumálaráðherrann hafði lofað að hefja umræður um málið í nefndu stúdentafjelagi, en æskti hins vegar að geta þegar fengið sem bestar upplýsingar um málið frá háskólanum. Eins og kunnugt er, var málið rætt þar af miklum áhuga á tveim fundum þess fjelags, og hefir verið skýrt að nokkuru frá þeim umræðum í blóðunum.

En frá gangi málsins innan háskólans er það að segja, að þessu næst var greinargerð nefndarinnar lögð fram í kennarastofu háskólans, til þess að kennararnir gætu kynt sjer hana.

Því næst var kallaður saman almennur kennarafundur 5. desember, til þess að ræða greinargerð nefndarinnar. Á þeim fundi voru samþykktar þessar tilögur:

1. Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnaður sje sjerstakur gagnfræðaskóli í Reykjavík og að Mentaskólanum sje breytt í samfeldan lærðan skóla. — Sú tillaga var samþykkt með 7 : 1 atkvæði.

2. Fundurinn telur óhjákvæmilegt að takmarka svo aðgang að embættadeildum háskólans, að ekki fái fleiri stúdentar inntöku þar en þarfir þjóðfjelagsius leyfa. — Sú tillaga samþykkt með 8 : 2 atkv., einn kennari greiddi ekki atkv.

3. Þá telur fundurinn brýna nauðsyn bera til þess, að stofnuð sje verslunar-

deild og kennaranámsskeið i háskólanum og að próf frá kennaradei'd (eða ef til vill frá námsskeiði i kennaraskóla) veiti rjett til kenslu i barnaskólum og alþýðuskólum. -- Sú tillaga samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

4. Fundurinn fer fram á, að háskólaráðið undirbúi mál þessi undir komandi þing, lög þau og lagabreytingar, sem nauðsynleg kunna að vera til þess að koma þeim í framkvæmd.

Hinn 7. desember sendi jeg eftirrit af greinargerð nefndarinnar til stúdentaráðsins, ásamt tillögum þeim, er samþykktar höfðu verið á þessum síðara almenna kennarafundi háskólans, og æskti þess, að stúdentar háskólans ljetu uppi álit sitt í þessu alvarlega máli, því að þeir mundu, eigi síður en vjer, kennararnir, finna til örðugleikanna, sem nú væru að skapast við hina miklu fjölgun. Sjerstaklega mæltist jeg til þess, að stúdentarnir vildu segja til um, hvað af tvennu þeim virtist ráðlegast, að setja hömlurnar 1) neðan við lærdómsdeild Mentaskólans (eða við inntöku i lærða skólann, ef sex ára samfeldur lærður skóli verður greindur frá), 2) eða við inntöku i embættadeildir háskólans.

Svar frá stúdentaráðinu barst háskólaráðinu 15. desember og voru þar í þessar tillögur:

1. Stúdentaráðið litur svo á, að öruggasta ráðið til þess að fækka stúdentum i embættisdeildum háskólans, og það eina, sem nógu fljótt geti borið árangur, sje það, að takmörkuð verði — og það þegar á næsta ári — tala þeirra stúdenta, sem inngöngu fá i hverja deild. Álitur stúdentaráðið heppilegra sjerstakt inntökupróf, heldur en sje farið eftir einkunnum við stúdentspróf. — (Samþ. með 6:3 atkv.).

2. Stúdentaráðið vill ekki að svo komnu leggja neinn dóm á, hvort takmörkun nemendafjölda i Mentaskólanum sje yfirleitt heppileg. En það mælir á móti samfeldum 6 ára skóla, þar sem aðeins sje leyfð innganga i 1. bekk, og lögð áhersla á námsgreindir, sem hafa það mest til síns ágætis, að vera þungar. — (Samþ. með 6:3 atkv.).

3. Stúdentaráðið mælir eindregið með stofnun nýrra deilda við háskólan. Vill það einkum benda á deild i verslun og viðskiftum og kenslu i verklegum fræðum, sjerstaklega að stúdentum gefist kostur á að ljúka hjer fullkomnu lyfsalaprófi. (Samþ. með 9 samhlj. atkv.).

4. Stúdentaráðið er sammála um nauðsyn alþýðuskóla i Reykjavík og á Akureyri. Mundu þeir reynast drjúgir til þess að draga þá nemendur frá lærdómsdeildinni, sem minnst erindi eiga þar. (Samþ. með 9 samhlj. atkv.).

Þá bárust háskólaráðinu tillögur um málið frá almennum fundi háskólastúdenta, er haldinn hafði verið 15. desember. Voru þær á þessa leið:

1. Almennur fundur háskólastúdenta er á móti takmörkunum á fjölda stúdenta, en leggur til, að opnaðar verði sem flestar leiðir til þess að almenn-ingur fái aflað sjer hagnýtrar mentunar. Einnig er fundurinn andvígur því, að hömlur sjeu settar fyrir fjölda manna i deildum háskólans, en vill að stúdentum sjeu opnaðar fleiri leiðir i háskólanum en nú eru. Samþ. með 43:1 atkv. (8 greiddu ekki atkv.).

2. Almennur fundur háskólastúdenta telur æskilegt, að Mentaskólanum sje breytt i samfeldan skóla með heimavist, og að jafnframt verði komið upp

sjerstökum unglingskóla í Reykjavík, sem veiti almenna gagnfræðamentun. Samp. með 34:2 atkv. (16 greiddu ekki atkv.).

3. Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnaðar verði við háskólann verslunar-, kennara- og búnaðardeild. Samp. með 41:1 atkv. (10 greiddu ekki atkv.).

Þessi hinn almenni fundur háskólastúdentanna mun hafa verið haldinn vegna þess, að ýmsir stúdentar voru óánægðir með svar stúdentaráðsins, enda eru tvær fyrstu tillögur hans algerlega andstæðar tveim fyrstu tillögum stúdentaráðsins; hann mótmælir takmörkunum á fjölda stúdentanna og hann æskir þess, að Mentaskólanum sje breytt í samfeldan skóla með heimavist, sem hvorttveggja er þvert á móti tillögum stúdentaráðsins.

Þessu næst var greinargerð nefndarinnar, ásamt tillögum kennarafundar, stúdentaráðs og almenns fundar háskólastúdentanna lögð fyrir háskólaráðið á fundi þess 16. desember og málið rætt þar af nýju, bæði á þeim fundi og næsta fundi þess (21. desbr.). Það var nú komið í ljós, að skoðanir háskólakennaranna voru mjög skiftar í málinu, og að jafnvel deildirnar litu engan veginn sömu augum á það. Fyrir því var samþykkt á þessum síðara fundi að senda svolátandi fyrirspurnir til deilda háskólans:

1. Vill deildin að settar sju skorður þegar á næsta hausti við of mikilli aðsókn stúdentanna að deildinni?

2. Sje svo, vill deildin þá koma með tillögur um, hve mörgum skuli veitt viðtaka og hvernig valið skuli úr umsækjendum?

3. Hverjar breytingar telur deildin nauðsynlegar á háskólalögunum þessa vegna?

Nú varð nokkur bið á málinu, aðallega vegna þess, að einn maður úr háskólaráðinu hafði farið til útlanda (próf. Magnús Jónsson), en lagadeildarkennararnir, þeir tveir, er heima voru, stóðu mjög svo á öndverðum meið í þessu máli. Var því frestað að afgreiða svar lagadeildar, þar til er þriðji kennarinn var aftur heim kominn.

Á fundi háskólaráðsins 27. janúar þ. á. voru lögð fram svör frá öllum deildum. Voru þau neikvæð frá þrem deildunum: guðfræðisdeild, lagadeild og heimspekisdeild. Guðfræðisdeildin taldi aðsókn stúdentanna að deildinni ekki hafa verið svo mikla á undanförunum árum, að ástæða sje til þess að takmarka hana að svo komnu með neinum sjerstökum ráðstöfunum. Í lagadeild höfðu kennararnir ekki allir orðið sammála. Þeir próf. Einar Arnórsson og próf. Magnús Jónsson greiddu atkvæði gegn því, að »þeim mönnum, er stúdentsprófi hafa lokið, verði neitað viðtöku í deildina«. Próf. Ólafur Lárusson taldi hins vegar óhjákvæmilegt að skorður verði settar við aðsókn stúdentanna að deildinni. Heimspekisdeildin ljét þessa greinargerð fylgja sínu svari:

»Heimspekisdeildin telur enga þörf á að reisa skorður við inntöku stúdentanna í þá deild. Ber þrent til. Í fyrsta lagi er aðsókn þangað ekki óhófleg. Í öðru lagi sýnist ekki rjett að amast við því, að stúdentar afli sjer mentunar í þeirri deild háskólans, sem telja má ætlaða eingöngu til þess að hlúa að mentum og fræðum þjóðarinnar. Í þriðja lagi eru þó þeim, er til próts hyggja í þeim fræðum, nægilegar skorður settar í reynsluprófi því, sem þeim er ætlað að inna af höndum snemma í upphafi námsins«.

Læknadeildin ein var meðmælt hömlum með nánari skilyrðum. Hún svaraði fyrstu spurningunni játandi (með 4 : 1 atkv., einn kennari greiddi ekki atkv.). Hún lagði og til (með 3 : 2 atkv.), að háskólaráðið ákvæði, í samráði við deildina, á ári hverju, hve mörgum stúdentum skuli veitt inntaka í deildina og hvernig valið skuli úr umsækjendunum.

En jafnframt þessu samþykkti deildin svo látandi tillögu (frá hjeraðslækni Jóni Hj. Sigurðssyni):

»Deildin vill taka það fram, að tillögur þessar voru aðallega gerðar vegna þess, að öll kensla verður nú ómöguleg vegna skorts á kensluhlássi, kensluáhöldum og sjúklingafæð, þar á meðal skorti á ókeypis lækningum. Sjái stjórn og löggjafarvald sjer fært að bæta úr þessu hið fyrsta, virðist ekki frá deildarinnar hálfu bráð nauðsyn að takmarka inntöku nýrra stúdenta í deildina«.

Þetta svar læknadeildar var nú rætt á fundi háskólaráðsins, og að lokum var samþykkt með 3 : 2 atkv. að taka það til greina. Með því voru Guðm. Thoroddsen, Har. Níelsson og S. P. Sivertsen, en á móti: Magnús Jónsson og Páll E. Ólason.

Þá var og samþykkt (með sömu 3 : 2 atkv.) eftirfarandi tillaga til breytingar á og viðauka við 17. gr. háskólaganna:

»Verði aðsókn stúdenta að einhverri deild svo mikil, að til vandræða horfi, að dómi deildarinnar og háskólaráðs, þá getur háskólaráðið, í samráði við deildina, ákveðið, hve mörgum stúdentum skuli veitt viðtaka það ár og með hvaða hætti«.

Nú hefi jeg rakið sögu málsins, svo að dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti haft sem best yfirlit yfir allan gang þess. Vona jeg því að allir sjái, að hjer er ekki verið að beita neinni kúgun við stúdentu af hálfu háskólans, heldur berum vjer fram þessa tillögu til breytingar á háskólalögunum vegna þess, að knýjandi nauðsyn rekur oss til þess. Að visu má segja, að sú knýjandi nauðsyn sje aðeins fyrir hendi í læknadeild, enn sem komið er. En úr því að setja verður takmörkunarákvæði inn í háskólalögin viðvíkjandi einni deild, virðist eðlilegast, að það ákvæði nái til allra deilda. Til þess verður hvort sem er ekki gripíð, nema til vandræða horfi um aðsókn að einhverri deild. Þess ber og að gæta, að verði að takmarka aðsókn að læknadeild að mun, er hætt við, að aðsókn að hinum deildunum aukist að sama skapi.

Greinargerð nefndar þeirrar, er deildirnar kusu, er áður send dóms- og kirkjumálaráðuneytinu; en viðvíkjandi tillögum um að koma upp verslunardeild við háskólann, er þess að geta, að háskólaráðið hefir á fundi sínum 7. þ. m. kosið fjögurra manna nefnd, »til að athuga möguleika á og skilyrði til að koma upp verslunardeild við háskólann«. Sú nefnd er vart tekin til starfa enn.

Jeg vona, að ráðuneytið fallist á skoðanir meiri hluta háskólaráðsins í í þessu máli, og æski þess hjer með fyrir hönd háskólans, að hið háa stjórnarráð beri fram á Alþingi ofangreinda tillögu til breytingar á háskólalögunum og fái hana samþykta þar.

Virðingarfylst

Haraldur Níelsson

þ. á. rektor.

Til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins Reykjavík.